


Alþingi
Erindi nr. Þ 138/157/
komudagur 8.4.2010



BANDALAG ÍSLENSKRA LISTAMANNA
FEDERATION OF ICELANDIC ARTISTS

Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 23. mars 2010

138. löggjafarþing 2009-2010 - Þskj. 363 – 311. mál


Bandalag íslenskra listamanna hefur fengið til umsagnar ofangreint þingmál, þingsályktunar-
tillögu um árlegan vestnorrænan dag.

Afstaða stjórnar BÍL er sú að menningarsamstarf þjóða sé þýðingarmikið og stjórnvöldum
beri að skapa skilyrði fyrir listamenn, fræðimenn, menningar- og menntastofnanir til að taka
þátt í slíku samstarfi. En til að menningarsamstarf verði gefandi fyrir alla sem að því koma
þarf það að vera vel skipulagt og því stýrt af metnaði og fagmennsku.

Ekki kemur fram í greinargerð tillögunnar með hvaða hætti menningarsamstarf landanna
hefur verið fram til þessa, en trúlega hefur það verið nokkuð tilviljanakennt. Það er mat
stjórnar BÍL að tillagan um árlegan vestnorrænan dag sé líkleg til að setja samstarf landanna í
formlegri farveg og fastari skorður, sem er sannarlega af hinu góða.

Þá bendir stjórn BÍL á tækifærin sem felast í samstarfi miðstöðva á borð við Kvikmynda-
miðstöð Íslands, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, Útflutningsskrifstofu íslenskrar
tónlistar, Sjálfstæðu leikhúsin, Hönnunarmiðstöð o.fl. Sjálfsagt væri að leita eftir samstarfi
við slíka aðila um vestnorrænan dag, ekki síður en við ræðis- og sendiskrifstofur,
sveitarstjórnir, ferðamálayfirvöld og listastofnanir, sem öll eru tilnefnd í greinargerð
tillögunnar.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar BÍL – Bandalags íslenskra listamanna


Kolbrún Halldórsdóttir
forseti